

**Ed.**

**60. Nefndarállt**

um frv. til laga um skiftimynt úr einnikkel.

Frá fjárbagsnefnd.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, er stjórnin gaf út 2. okt. f. á. Þessi ráðstöfun var gerð eftir áskorun frá síðasta þingi. Nefndin hefir fengið þær upplýsingar, að slegin hafi verið 300 þús. stykki af hvorri tegund myntarinnar, að kostnaður við þetta hafi orðið um 26 þús. krónur, þar í innifalinn flutningskostnaður og gengismunur, og að einn fimti hluti myntarinnar liggi enn hjá ríkisfjehirði.

Nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi samkvæmt frumvarpi þessu — verði það að lögum — heimild til að gefa út þessa skiftimynt eftir þörfinni, og leggur til, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Aiþingi, 5. mars 1923.

✓ Guðm. Ólafsson,  
form.

✓ Karl Einarsson,  
fundaskrifari og framsögum.

✓ Sigurður Jónsson. ✓ Sigurður H. Kvaran. ✓ Björn Kristjánsson.